

Upplýsingar fyrir Nýja fararstjóra

Hvað gerist næst ?

Núna þegar þið hafið fengið ykkar hóp í hendurnar hefst fjörið.

Þegar nær dregur fara að koma í hús bæklingar sem kallast “pre-Camp” og í þeim eru að finna allar helstu upplýsingar um búðirnar og aðstöðu, Bæklingar koma í mars/apríl

- Fyrsti pre camp segir bara frá dagsetningu og staðsetningu. Og tengiliður
- Annar Pre Camp segir aðeins nánar frá búðunum, hvaða form þarf að fylla út.. hvaða lönd, ferðaskipurlag og annað sniðugt. Einnig ítarlegri upplýsingar um tengiliði í búðunum.
- Þriðjið Pre Camp segir svo en betur frá þessu öllu ásamt að kynna staffið í búðunum, hvað krakkarnir eiga að taka með sér mikið af peningum og allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar áður en haldið er afstað út.

Þegar þið hafið fengið í hendurnar upplýsingar um tengilið þarna úti meigið þið endilega senda þeim tölvupóst og kynna ykkur aðeins sem Leader from Iceland.. og þá munuð þið persónulega fá sendar alskonar upplýsingar.. ef einhverjar eru.

Það sem þarf að gera fyrir búðirnar er:

- kynnast vel
- einkafundi með foreldrum hvers barns
- útbúa bækling
- fylla út öll form sem þarf að senda út og taka með
- undirbúa þjóðarkvöld
- undirbúa fyrir opna daginn
- græja skiptidót
- Skemmta sér vel

Farið verður vel ofan í þetta allt á námskeiðinu okkar í febrúar.

En þessi fyrstu tvo atriði má byrja strax á..

Gott er að kynnast krökkunum aðeins sjálf áður en þið farið í einkaviðtalið með foreldrum.

Ég mæli með að þið lesið Fararstjóra bæklinginn sem verður sendur á ykkur, þar er að finna ítarlegri útkskýringar á þessu öllu.. en hér er smá úttekt úr þessu ☺

Kynnast vel

Gott er að nýta tíman vel áður en haldið er út til að hittast að reyna mynda eina góða heild. Því betur sem þið þekkið og betur sem þið vinnið saman.. þeim mun skemmtilegra verður þetta úti.

Þetta má gera t.d. með því að

- taka þátt í atburðum sem Súffí mun standa fyrir í vetur og í vor.
- Fara með krakkana á skauta
- Skipulegga “sleep Over” fyrir krakkana þar sem einu sinni í mánuði t.d. gista þau heima hjá einum úr hópnum.
- “Föndurkvöld” þar sem foreldrar og krakkar hittast til að setja saman bæklinginn.
- Hittast og fara yfir löndin sem verða í búðunum.. hvað er sérstakt við hvert land....

Einkafundur með foreldrum hvers barns

Þetta eru mikilvægir fundir sem má alls ekki sleppa.

Þarna hittið þið foreldrana án barnana og þið spyrjið þau spurninga varðandi barnið og fáði þau til að segja ykkur sem allra mest um barnið þeirra.

t.d. er krakkin morgunfúll, einhver sérstakir kvillar, sérþarfir, Ofnæmi hvernig er best að hvetja áfram, sérvíska., Félagslegar aðstæður.. og annað sem ykkur dettur í hug.. fá sem mestar upplýsingar.

Bæklingur (í 11 ára sumarbúðum)

venjulega ekki í unglingaskiptum og unglingabúðum

Fyrir hverjar búðir þarf hver hópur að útbúa kynningarbækling fyrir sinn hóp.

Hann er svo framleiddur í ca 80 -100 eintökum og honum dreift á þjóðarkvöldinu sem þið haldið þarna úti.

Farið verður nánar í þetta á fararstjóranámskeiðinu.